

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 189/2014

189-2015i

frá 25. september 2014

## um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/662/ESB frá 14. október 2013 um breytingu á ákvörðun 2009/767/EB að því er varðar að semja, viðhalda og birta áreiðanlegar skrár um þá vottunaraðila sem aðildarríkin hafa eftirlit með eða veita faggildingu <sup>(1)</sup>.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 1b (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/767/EB) í X. viðauka við EES-samninginn:

„– **32013 D 0662**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/662/ESB frá 14. október 2013 (Stjtíð. ESB L 306, 16.11.2013, bls. 21).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/662/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. september 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. september 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Kurt Jäger**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 306, 16.11.2013, bls. 21.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.